



**Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði
12. júní 2017 kl. 16:00.**

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, formaður

Helga H. Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

1. Þorgerðarstaðir. Frístundahús Jóns Egils.

Jón Egill leggur fram uppdrátt af frístundahúsi ásamt skráningartöflu og afstöðumynd á landskika sínum í landi Þorgerðarstaða og sækir um byggingarleyfi fyrir húsinu. Húsið verður reist á stauraundirstöðu, burðarvirkið úr timbri og húsið einangrað með steinullareinangrun og klætt að utan með standandi viðarklæðningu.

Stærðir:

Brúttó flatarmál 26,6 m²

Brúttó rúmmál 53,6 m³

Einnig eru tveir kofar á lóðinni sem hvor um sig er innan við 15 m². Útlit þeirra er lagað að útliti frístundahússins.

Byggingar- og skipulagsnefnd veitir Jóni Agli umbeðið byggingarleyfi fyrir frístundahúsinu.

2. Umsögn um rekstrarleyfi fyrir gistingu.

Byggingarfulltrúi gerði nefndinni grein fyrir umsögn byggingarfulltrúa um rekstrarleyfi fyrir gistingu í Brekkugerðishúsum sem dagsett er 15. maí sl.

3. Geldingarfell. Deiliskipulag.

Öll gögn og umsagnir vegna deiliskipulagsins hafa hlotið loka afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun og skipulagið hefur verið auglýst í Stjórnartíðindum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16:30

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf

Helga H. Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson